



## Samstarfssamningur

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639 og Mýraboltafélag Íslands, kt. 490106-2190, hér eftir nefnt *Mýraboltafélag*, gera með sér eftirfarandi samstarfssamning um aðstoð og framkvæmdir vegna Mýraboltamótsins á Ísafirði um verslunarmannahelgina.

### 1. Umfang:

Samstarfsverkefni þetta tekur til Mýraboltamótsins á Ísafirði, sem haldið er um verslunarmannahelgina.

Markmið sammingsins er að skilgreina samstarf Ísafjarðarbæjar og Mýraboltafélagsins og afmarka verkefni með tilliti til tíma, ábyrgðar og kostnaðar.

Endanlegt markmið er að auka þjónustu við gesti Mýraboltans og auka líkurnar á því að mótið fari vel fram og verði Ísafjarðarbæ til sóma.

### 2. Leyfismál:

Ísafjarðarbær veitir heimild fyrir sitt leiti til brennu á Suðurtanga í tengslum við mótið.

Mýraboltafélagið fær til umráða þá aðstöðu á í Tungudal í Skutulsfirði sem félagið hefur haft s.l. ár. sbr. meðf. uppdrátt. Þar er gert ráð fyrir að fjölga völlum um tvo frá fyrra ári og hafa þá allt að átta. Jafnframt fær félagið afnot af túni við hliðina á mótssvæði sbr. meðf. uppdrátt, tveimur vikum fyrir verslunarmannahelgi og vikuna á eftir. Heimilt er að nýta svæðið til samkomuhalds og/eða tjaldstæða eftir þörfum og umfangi mótsins hverju sinni.

### 3. Verkhættir:

*Hlutverk Ísafjarðarbæjar:*

1. Ísafjarðarbær leggur til faglega og verklega aðstoð við framkvæmdir á vallarsvæði mýraboltans, svo sem:
  - a. Ísafjarðarbær veitir aðstoð við gerð tveggja nýrra valla á mótssvæðinu sbr. 2 gr. hér að ofan.
  - b. **Ísafjarðarbæ veitir** Mýraboltafélaginu aðgang að nægilegu vatni úr vantslögn bæjarins, sem nægir til að vökva alla vellina fyrir mótið og á meðan á mótinu stendur.

- c. Ísafjarðarbær endurbætir núverandi vökvunarkerfi og bætir við þann útbúnað sem Mýraboltafélagið getur notað til að vökva mýraboltavellina samkvæmt þeirra kröfum.
2. Ísafjarðarbær **veitir** Mýraboltafélaginu aðgang að starfsmönnum bæjarins, eins og kostur er, bæði á tæknideild, áhaldahúsi og vinnuskóla við undirbúning mótins.
3. Ísafjarðarbær lánar Mýraboltafélaginu bekki, borð og stóla, sem eru í eigu bæjarins og starfsmenn þess telja henta í starfsemi Mýraboltafélagsins, enda verði þeim skilað í sama ásigkomulagi og þeir voru afhentir.
4. Ísafjarðarbær lýs yfir vilja sínum til að koma upp rotþró fyrir færanlegt salerni með amk. 10 salernum.
5. Ísafjarðarbær skipar einn aðila í sérstaka nefnd sem skal útbúa aðgerðaáætlun ef grípa þarf til sérstaka aðgerða vegna veðurs á meðan mýraboltamótið stendur yfir. Ísafjarðarbær hefur skilning á því að til þess gæti komið að bærinn þurfi að opna grunnskóla og aðrar opinberar byggingar vegna þessarar aðgerðaáætlunar.
6. Ísafjarðarbær sér til þess að svæðið niðri í Neðstakaupstað verði grjóthreinsað og undirbúið fyrir brennu og tónleika. Mikilvægt er að hreinsa svæðið af stórum tækjum og búnaði, sem þar er í geymslu og gera svæðið augnmyndi fyrir gesti jafnt sem heimamenn.
7. Ísafjarðarbær einsetur sér að þrifa miðbæ og svæðið í kringum lokahóf mýraboltans eins fljótt og auðið er. Ísafjarðarbær er jafnframt meðvitaður um að þrifa þarf bæinn reglulega um helgina.
8. Ísafjarðarbær færir til opnunartíma sundlauga þannig að þeir hennti keppendum í mýraboltanum og verði því opnar til amk. kl. 20.00 keppnisdagana.

#### *Hlutverk Mýraboltafélagsins:*

1. Mýraboltafélagið sér um alla kynningu og markaðssetningu á mótinu.
2. Mýraboltafélagið sér um að gera velli klára til keppni að öðru leiti en fjallað er hér að framan.
3. Mýraboltafélagið skilar mótssvæði í Tungudal í sama ásigkomulagi og tekið var við því.
4. Mýraboltafélagið brýnir góða umgengni fyrir sínum gestum og leggur áherslu á, að öryggisgæsla og önnur umgjörð sé þess efnis að mótið fari friðsamlega fram og án alls ofbeldis.

**Trúnaður og þagnarskylda.**

Mýraboltinn, Ísafjarðarbær og starfsmenn hans munu gæta fyllsta trúnaðar við framkvæmd þjónustunnar og við meðferð upplýsinga, sem fram munu koma við framkvæmd þjónustunnar.

**Breytingar á samningi.**

Um breytingar á samningi þessum sem kunna að koma upp á samningstímanum skal vera samkomulag Ísafjarðarbæjar og Mýraboltafélagsins.

**Samningstími.**

Samningur þessi gildir frá undirritun til 31.8.2015

**Framsal samnings.**

Mýraboltinn getur ekki án skriflegs samþykkis Ísafjarðarbæjar afhent réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila. Hægt er að framlengja samning þennan ef vilji beggja aðili stendur til þess.

**Höfundarréttur, notkunar- og eignarréttur.**

Mýraboltinn á óskoraðan eignarrétt að öllum markaðsgögnum, s.br. myndefni, videoefni, sem og öðru markaðsefni sem unnið er af Mýraboltanum. Ísafjarðarbæ er óheimilt að nýta sér það efni án leyfis Mýraboltans, nema sérstaklega sé um það samið.

**Lög og réttur.**

Samningur þessi og túlkun hans fer að öllu leyti samkvæmt íslenskum lögum og rétti. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Komi upp ágreiningsmál um framkvæmd samnings þessa á samningstíma, skulu aðilar hvor um sig tilnefna einn fulltrúa, sem í sameiningu skulu leitast við að leysa úr slíkum ágreiningi. Fáist ekki úrlausn ágreiningsmála með þessum hætti, skulu aðilar leita til Héraðsdóms Vestfjarða um sættir.

Ísafirði, maí 2013.

f.h. Ísafjarðarbæjar:

f.h. Mýraboltafélags Íslands:

---

---